

8. nóvember 2011

Fundur nr. 66

Fundur haldinn hjá UMFÞ þriðjudaginn 8. nóvember 2011 kl. 19:30 í íþróttahúsinu Vogum.

Mættir eru: Björn Sæbjörnsson, Heiða Elísdóttir, Sandra Helgadóttir, Kristján Árnason (mætti 19:50) og Sigríður Vigdís Þórðardóttir.

1. Fundagerð síðasta fundar

Stjórnin fór yfir fundagerð síðasta fundar. Framkvæmdastjóra var falið að finna þjálfara til að sjá um íþróttaskólann það sem eftir er af þessu misseri. Að öðru leiti var fundagerðin samþykkt.

2. KSÍ styrkur

Ksí styrkurinn var ræddur á fundinum og stjórnin þakkar KSÍ veittan stuðning.

3. Samstarf við Njarðvík

4.flokkur karla mun æfa með Njarðvík í Reykjaneshöllinni 1. til 2. sinnum í viku fram að áramótum til að sjá hvernig það samstarf mun takast. Frekara samstarf við Njarðvík mun verða athugað í kringum næstu áramót. Framkvæmdastjóra var falið að bóka skólabílinn til þess að flytja drengina á æfingu í Njarðvík fimmtudaginn 10. nóvember.

4. Samstarfssamningur við meistaraflokk

Stjórnin fór yfir drög Marteins um samstarfssamning milli UMFÞ og meistaraflokksins. Framkvæmdastjóra var falið að gera ný drög af samningnum með þeim athugasemdum sem stjórnin gerði og senda hann síðan á stjórnarmeðlimi til þess að yfirfæra hann áður en að Marteinn fær hann í hendurnar að nýju.

5. Heimasíða

Ekki hefur enn tekist að koma heimasíðunni í gang að fullu en framkvæmdastjóra var falið að ýta á að koma henni almennilega í gagnið.

6. Önnur mál

Ógreiddar kröfur til félagsins ræddar og mögulegar innheimtuleiðir.

Sandra skrifar undir ráðningarsamning sem badmintonþjálfari.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 21:07